



Opið bréf til bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfjörður, 3. júlí 2019

Efni: Verndum Stórhöfðastíg – ákall til Hafnarfjarðarbæjar

- sérstaða þess er hvað þetta er mannvirkja lítið svæði með mikilli náttúruupplifun.

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmda- og rekstrardeildar Hafnarfjarðarbæjar vorið 2019, á að leggja nýjan þriggja metra breiðan reiðveg yfir núverandi stígakerfi í kringum Stórhöfða. Þar með að hluta af núverandi Stórhöfðastíg sem aldrei hefur verið skilgreindur sem reiðvegur í fyrri aðalskipulögum fyrr en byrjun árs 2014 í „Uppdrætti 1“.

Það vekur athygli að ekkert er minnst á þennan nýja reiðveg í Umhverfisskýrslunni frá því janúar 2014, einungis nýtt íþróttasvæði fyrir golfvöll.


*„Úr hraunjaðar Óbrinnishólshrauns við Stórhöfða er skilgreind gönguleið. Frá Stórhöfða og í Suður, í átt að Krýsuvík er þekkt forn leið Stórhöfðastígur. **Leiðin hefur í fornleifaskráningu verið metin hafa talsvert minja- og varðveislugildi.** Fyrirhugað íþróttasvæði er ekki líklegt til að raska gönguleiðinni við hraunjaðarinn en breytt ásýnd hraunsins er líkleg til að hafa áhrif á upplifun þeirra sem ganga þar um. Stórhöfðaleið liggur inn á syðsta hluta íþróttasvæðisins og þar gæti upplifun göngufólks breyst auk þess sem lýsing á golfvellinum getur haft áhrif.“ (Umhverfisskýrsla, janúar 2014)*



Mynd 1 - Mynd úr Umhverfisskýrslu 2014

*„Ýmislegt hefur komið í ljós við fornleifakannanir í hraununum, sunnan Reykjanesbrautar. Við fornleifakönnun tengdri umhverfismati Suðvesturlína var **skráð þekkt forn leið, Stórhöfðastígur**, sem liggur um fyrirhugað íþróttasvæði. Leiðin er í fornleifaskráningunni metin hafa talsvert minja- og varðveislugildi. Gerð íþróttasvæðis getur haft neikvæð áhrif á Stórhöfðastíg.“ (Umhverfisskýrsla, janúar 2014).*

Þessar tvær myndir úr aðalskipulögum frá 2005 og 2014, sýna að Stórhöfðastígur að sunnan- og vestan verður Stórhöfða, hefur aldrei verið skilgreindur reiðvegur. Einungis hluti stígarins austan sjálfan Stórhöfða. Því veður furðu á einungis 5 árum (frá janúar 2014) skuli hafi verið teiknaður og fjármagnaður reiðvegur, sem liggur við fyrirhugaðan golfvöll og yfir á Stórhöfðastíg og kringum sjálfan Stórhöfðann.



Samkvæmt Heilsustefnu Hafnarfjarðarbæjar 2015, þá hefur Hafnarfjarðarbær áset sér að stuðla að aukinni vellíðan íbúa með heilsuefandi aðgerðum til frambúðar, m.a. með því að efla opin svæði og göngu- og hjólastíga. Eins og fram kemur í Heilstefnu Hafnarfjarðarbæjar, þá hefur Hafnarfjarðarbær, sett sér það markmið að upplýsa betur um þá útivistarmöguleika sem standa til boða í Hafnarfirði og í jaðri bæjarins og stuðla þannig að hreyfingu og útivist. Það að leggja niður núverandi stíg í kringum Stórhöfða og setja yfir hann þriggja metra breiðan reiðveg, gengur því þvert á Heilsustefnuna frá árinu 2015.

Eins og sjá má úr samantekt úr aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar, þá skiptir máli fyrir almenning að breyta ekki ímynd og upplifun þess á þessum stíg, sem hefur verið alfaraleið í gegnum aldirnar.

Meðfylgjandi eru málsgreinar sem teknar voru orðrétt úr aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 2013-2025, þar sem m.a. er sérstaklega getið að gæta þess að raska ekki Stórhöfðaleið. Athygli vekur að ekkert er minnst á nýjan 3 metra reiðveg á eða við Stórhöfðastíg í greinargerðinni, né vikið að sameiginlegri samnýtingu almennings og hestamanna á núverandi stíg kringum Stórhöfða.

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-25, greinargerð, 19. apríl 2014. (Greinargerð, 19.04.2014)

Eftirfarandi málsgreinar voru teknar orðrétt úr aðalskipulaginu.

Leitarorð: Stórhöfðaleið, Stórhöfðastígur, Stórhöfða.

- „Sérákvæði: Við skipulag svæðisins er æskilegt að kortleggja hraunin og móta tillögur sem vernda sérstæðar jarðmyndanir og svæði í hrauninu innan íþróttasvæðisins eins og t.d. hraunjaðar Hellnahrauns og Óbrinnishólshrauns. **Gæta þarf þess að raska ekki Stórhöfðaleið** og afla þarf upplýsinga um frekari fornleifar á svæðinu. Við allar framkvæmdir þarf að lágmarka umferð vélknúinna ökutækja innan vatnsverndarsvæðisins og koma því þannig fyrir að ekki verði lagður nýr vegur fyrir aðkomu að svæðinu um vatnsverndarsvæðið.“
- „**Um Almenning lágu alfaraleiðir til forna** s.s. Rauðamelsstígur, Straumsselsstígur, Hrauntungustígur og **Stórhöfðastígur**. Auk þess eru aðrar leiðir sem tengdust hinum ýmist til styttingar eða þær voru valdar eftir veðurlagi hverju sinni.“
- „**Helstu leiðir milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur voru Stórhöfðastígur**, Undirhlíðavegur, Dalaleið, Straumsselsstígur og Rauðamelsstígur. Flestar leiðirnar lágu saman við Ketilinn þar sem Ketilsstígur tekur við. Ofan Ketils er Sveifluleið eða Hettuvegur. Frá Krýsuvík til Suðurnesja var t.d. farið um Drumbsdalaveg.“
- „Útivistarsvæði ÷ Uppbygging íþróttasvæðis (golfvallar) við **Stórhöfða** breytir upplifun á svæðinu, t.d. á núverandi gönguleiðum. Mislæg gatnamót við útivistarsvæði við Hlíðarþúfur draga úr útivistargildi svæðisins.“
- „Vatnafar (vötn, grunnvatn, vatnsvernd) ÷ Nýtt íþróttasvæði við **Stórhöfða** eykur álag á svæði með sterkum grunnvatnsstraumum.“

Ég skora á bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar að breyta ekki núverandi Stórhöfðastíg og öðrum hluta stígarins í kringum Stórhöfða, í þriggja metra breiða reiðveg og halda áfram að nota hann einungis í þágu göngu-, hlaupa- og hjólafólks. Og jafnframt að stöðva för fámenna hestamanna nú þegar um sjálfan Stórhöfðastíg og beina þeim frekar á þar til gerða hestavegi, ekki á almennan göngustíg, eins og nú er gert.

Það er mikilvægt fyrir Hafnarfjarðarbæ að vera góðir gestgjafar og þekkja samsetningu gesta sinna. Sem og taka tillit til ólíkra skoðana og þarfa gesta/íbúa. Verndum núverandi stígakerfi í kringum Stórhöfðann, því „Þú færð aldrei annað tækifæri til að skapa fyrstu hughrif.“

Merremann og Brochu, 2005.

Bestu kveðjur

Páll Línberg Sigurðsson

íbúi á Norðurbakka 7c, Hafnarfirði

E.s. Afrit af bréfi þessu var sent til bæjarfulltrúa, bæjarstjóra, starfsmönnum umhverfis- og skipulagsþjónustu og þjónustuveri til skráningar í bæjarkerfið.

Heimildaskrá

- Greinagerð. (19.04.2014). Aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar 2013-2025. 30.06.2019, <https://www.hafnarfjordur.is/media/flensborgarhofn/ask.hfj.-greinargerð.pdf>.
- Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar. (17.01.2014). Aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar 2013-2025 - uppdráttur 1. Sótt þann 30.06.2019, <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=04635454244322943268>.
- Umhverfi og útivist 2005-2025. (janúar 2006). Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025. Sótt 3.07.2019, <https://www.hafnarfjordur.is/media/adalskipulag/Umhverfi-og-utivist.pdf>.
- Umhverfisskýrsla. (janúar 2014). Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 . Sótt 3.7.2019, <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=17635727261845477151>.